



Jakobssynir ehf.
Glaðheimum 26
104 Kópavogur

Kópavogi, 13. október 2022
2205792/510.03 GGG


Efni: Vatnsendablettur 1b. Fyrirspurn um breytta landnotkun.

Á fundi skipulagsráðs 3. október 2022 var lögð fram að nýju fyrirspurn RCDP Arkitekta f.h. lóðarhafa dags. 12. maí 2022 um breytta landnotkun á lóðinni að Vatnsendabletti 1B. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er lóðin á opnu svæði OP-5.19. Í breytingunni felst að landnotkun breytist úr opnu svæði í íbúðarsvæði. Í fyrirspurninni er gert ráð fyrir að lóðinni verði skipti upp í sjö smærri lóðir og heimilt verði að reisa eina í búð að hámarki 325 m² á hverri lóð. Aðkoma að lóðunum verði sameiginleg og frá Kríunesvegi og Vatnsendabletti. Á fundi skipulagsráðs 30. maí 2022 var afgreiðsla frestað. Þá lögð fram breytt fyrirspurn dags. 2. september 2022. Þar sem aðkoma að lóðum er breytt sem og fyrirkomulagi sameignarlóðar. Þá er fyrirkomulag fráveitu á svæðinu endurskoðað. Jafnframt lögð fram umsögn deildarstjóra framkvæmdadeildar dags. 29. ágúst 2022. Á fundi skipulagsráðs 5. september 2022 var fyrirspurninni vísað til umsagnar skipulagsdeildar. Þá lögð fram umsögn skipulagsdeildar dags. 28. september 2022.

Skipulagsráð lítur neikvætt á framlagða fyrirspurn.
Fyrirhuguð breyting á landnotkun fellur ekki að markmiðum Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 fyrir svæðið og ákvæðum hverfisverndar Elliðavatns HV-14.

Fundargerð skipulagsráðs var lögð fram á fundi bæjarstjórnar 11. okt. 2022.

Virðingarfyllt,


Guðmundur G. Gunnarsson
Ritari skipulagsdeildar

Afrit:

Ásgeir Örn asgeir@render.is
Kristinn kristinn@krark.is
Hjörleifur Kvaran hbkvaran@nordik.is
huseignir@internet.is